

Nd.

504. Nefndarálit

[162. mál]

um frv. til l. um kaupstaðarréttindi handa Selfoskaupþúni.

Frá minni hl. félagsmálanefndar.

Nefndin sendi frv. til umsagnar til Sambands sunnlenskra sveitarfélaga og sýslunefndar Árnassýslu.

Samband sunnlenskra sveitarfélaga tók ekki afstöðu til málsins.

Sýslunefnd Árnassýslu hélt aukafund um málið og lagði til að grundvallar-breytingar yrðu gerðar á frv. Hún mælir að vísu með að Selfosshreppur verði kaupstaður, en þó þannig, að Selfoss og Árnassýsla verði eitt lögsagnarumdæmi og að Selfoss eigi áfram aðild að sýslunefnd og sýslusjóði.

Félagsmálanefnd fékk ráðuneytisstjórnann í félagsmálaráðuneytinu til fundar við sig, einkum til að ræða þar hugmyndir, sem fram komu af hálfu sýslunefndar Árnassýslu.

Undirritaður telur sér ekki fært, a. m. k. ekki að svo komnu máli, að gera hugmyndir sýslunefndar að sinni tillögu.

Samkvæmt upplýsingum, sem nefndinni bárust, orkar tvímælis, hvort annað stenst að óbreyttum lögum en að hver kaupstaður verði sjálfstætt lögsagnarumumdæmi.

Í annan stað skal á það bent, að verði Selfosshreppur gerður að kaupstað, heyrja fjárreiður hans beint undir félagsmálaráðuneytið, en eigi að síður ætti kaupstaðurinn aðild að sýslusjóði Árnassýslu og sýslunefnd. Vakna þá spurningar um fjármála-tengslin og lögsögu sýslunefndar, þar með talins fulltrúa kaupstaðarins, yfir fjárreiðum hreppanna í sýslunni. Hins vegar tel ég hugmyndina þess eðlis, að það beri að athuga hana vel og aðhæfa sveitarstjórnarlögum með breytingu á þeim.

Hvað frv. snertir eins og það liggur fyrir tel ég ekki tímabært að gera það að lögum. Það skal þó viðurkennt, að miðað við þá þróun, sem átt hefur sér stað á undanförunum árum, þar sem fjöldi hreppa hefur hlotið kaupstaðarréttindi, má líta svo á að fjölmennasti hreppur landsins eigi á því nokkurn rétt að vera gerður að kaupstað. Ég tel þessa þróun mjög varhugaverða, þar sem hún hefur brotið niður það stjórnsýslukerfi, sem við höfum búið við í 100 ár. Ýmsar sýslur eru sem félagslega einingar orðnar of litlar til að gegna því hlutverki, sem þeim bæri að gegna sem stjórnsýslueining. Ef óhindrað yrði haldið áfram á sömu braut, mundi þessum sýslum fjölga.

Ég lít einnig svo á, að félagslega séð gegni nokkuð öðru máli um Selfoss en t. d. nýju kaupstaðina í Reykjaneskjördæmi.

Selfosshreppur hefur dafnað sem sameiginlegur þjónustuhreppur fyrir hreppa Árnassýslu og bangað fylltist engin ný þjónusta þrátt fyrir breytinguna. Selfoss hefur gegnt mikilvægu forustuhlutverki þegar litið er á Árnassýslu sem félagslega heild. Það orkar því tvímælis, hvort rétt er að rjúfa nú þessi tengsl á þann hátt sem verða mundi með samþykkt frumvarpsins nú.

Réttarstaða sveitarfélaganna í landinu er með tvennu móti. Samkvæmt hugmynd sýslunefndar Árnassýslu mundi skapast þriðja réttarstaða, sem næði til Selfosskaunstaðar eins. Sem áður segir tel ég þá hugmynd svo mikillar athygli verða, að það beri að samhæfa hana réttarstöðu annarra sveitarfélaga.

Að mínu mati verður ekki undan því vikist lengur að taka þessi mál til alvarlegrar endurskoðunar og að því stefnt að gera í raun réttarstöðu allra sveitarfélaga hina sömu.

Ég bregð ekki læfi fyrir það, að Selfosshreppur nióti sömu réttinda og sveitarfélög af sambærilegri stærð, en tel málið ekki svo aðkallandi, að neinn héraðsbrestur verði bótt því verði frestað og þess frestað að ná samstöðu um nýtt heildarskipulag í þessum málum.

Fyrir því legg ég til að frv. verði vísað til ríkisstjórnarinnar, enda stefni hún að því að leggja fyrir næsta Alþingi frv. til laga, þar sem gert verði ráð fyrir samræmdri réttarstöðu allra sveitarfélaga í landinu.

Alþingi, 6. apríl 1978.

Gunnlaugur Finnsson,  
form.